



vörður við Flataskóla í Garðabæ, f. 21. júní 1917, d. 5. nóv. 1996, og Sigrún Jónsdóttir, húsfreyja í Prestbakka-koti í Hörgslandshr., V-Skaft., f. 23. des. 1912, d. 30. apríl 1973.

Nám: Stúdent frá M.H. 1989. Cand. med. frá H.Í. 26. okt. 1996, I. eink. (7,84).

Almennt lækningaleyfi 5. des. 1997.

Störf: Á námstíma hjúkrunarfræðingsstörf á Grensásdeild Borgarspítalans sumrin 1993 og 1994, heilsugæslulæknir á Reykjalundi sumarið 1995 og á Heilsugæslustöðinni í Árbæ sumarið 1996. Kandídat á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, skurðeild, sept.-des. 1996, á lyflækningadeild jan.-júní 1997 og á slysadeild júlí-sept. s.á. Deildarlæknir á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, háls-, nef- og eyrnadeild, okt.-des. 1997, á svæfinga- og gjörgæsludeild jan.-des. 1998 og á háls-, nef- og eyrnadeild frá jan. 1999 til febr. 2000. Sérfræðinám í háls-, nef- og eyrnalækningum á Háskólasjúkrahúsinu í Lundi í Svíþjóð frá mars 2000.

Maki: 14. ágúst 1993, Anna Björk Jónsdóttir, f. 25. febr. 1969, stúdent frá Kv.R. 1989, B.Sc. í hjúkrunarfræði frá H.Í. 1993, hjúkrunarfræðingur. For.: Jón Þorgrímur Jóhannsson, lögregluþjónn í Reykjavík, f. 16. júní 1918, d. 9. mars 1971, og k.h. Jóhanna Sigríður Einarsdóttir, þingvörður, f. 5. jan. 1928. Fósturfaðir (Önnu Bjarkar): Sigurjón Auðunsson, skipstjóri, verkstjóri og fiskmatsmaður í Reykjavík, f. 4. apríl 1917.

Dætur þeirra: 1) Rakel Ýr, f. 10. jan. 1996. 2) Thelma Rut, f. 1. jan. 1998.

Ólafur Grétar Guðmundsson f. 26. febr. 1946 í Hafnarfirði.

Faðir: Guðmundur Ólafsson, bifreiðarstjóri, vinnuvélastjóri og bifvélavirki, síðar verkstjóri hjá Vita- og hafnamálastofnun, búsettur í Hafnarfirði, f. 14. jan. 1923. For.: Ólafur Jóhannes Guðlaugsson, búfræðingur, veitingamaður í Reykjavík og Hafnarfirði, f. 24. febr. 1897, d. 2. jan. 1959, og fyrri k.h. Sveinína Magnea Vilborg Eiríksdóttir, húsfreyja, f. 22. okt. 1901, d. 30. júlí 1931.

Móðir: Anna Friðriksdóttir, starfsstúlka í Reykjavík, f. 25. des. 1915. (Anna og Guðmund-



ur skildu.) For.: Friðrik Sigfússon, bóndi í Pottagerði í Staðarhr., á Jaðri í Seyluhr. og í Kálfárdal í Staðarhr., Skag., f. 20. des. 1879, d. 12. okt. 1959, og k.h. Guðný Jónsdóttir, húsfreyja, f. 16. mars 1877, d. 29. apríl 1949.

Nám: Stúdent frá M.R. stfd. 1966, I. eink. (7,29). Cand. med. frá H.Í. 20. júní 1973, I. eink. (198½ st./12,41). Amerískt útlendingapróf (ECFMG) í Reykjavík 1973. Norskt útlendingapróf 1980. Dr. med. frá Háskóla Íslands 21. nóv. 1987. – Almennt lækningaleyfi á Íslandi 27. okt. 1975 og í Noregi 20. febr. 1981. Sérfræðingsleyfi í augnlækningum í Noregi 9. júní 1981 og á Íslandi 29. sept. 1982. – Námsdvöl (The Lancaster Course in Ophthalmology á vegum Massachusetts Eye and Ear Infirmary) í Waterville í Maine júní-ágúst 1978 (10 vikur).

Störf: Aðstoðarlæknir héraðslæknis í Álafosshéraði í júlí 1973 og á Vinnuheimilinu að Reykjalundi ágúst-nóv. s.á. Héraðslæknir í Álafosshéraði frá nóv. 1973 til mars 1974 og heilsugæslulæknir þar apríl-júní 1974, jafnframt aðstoðarlæknir á Vinnuheimilinu að Reykjalundi frá nóv. 1973 til júní 1974. Kandídat á Landspítalanum, handlækningadeild, ágúst-okt. 1974, á fæðingar- og kvensjúkdómadeild nóv.-des. s.á., á Borgarspítalanum, slysadeild, jan.-mars 1975 og á Landspítalanum, lyflækningadeild, apríl-júlí s.á. Aðstoðarlæknir á Landspítalanum, barnadeild, frá ágúst 1975 til jan. 1976 og á Vinnuheimilinu að Reykjalundi frá febr. 1976 til maí 1977, jafnframt heilsugæslulæknir í Álafosshéraði. Aðstoðarlæknir og sérfræðinám í augnlækningum á Landakotsspítala, augndeild, frá júní 1977 til júní 1979. Sérfræðinám í augnlækningum á Haukeland Sykehus í Björgvin frá júní 1979 til sept. 1981, þar af aðstoðarlæknir (assistantlege) á augndeild frá júní 1979 til ágúst 1980 og á taugasjúkdómadeild frá sept. 1980 til febr. 1981, staðgengill (vikar) deildarlæknis jan.-mars og maí-ágúst 1980 og ráðinn deildarlæknir (reservelege) á augndeild mars-sept. 1981. Staðgengill aðstoðarlæknis (underläkare) á Karolinska sjukhuset í Stokkhólmi, augndeild, júní-ágúst 1980 og staðgengill

yfirlæknis (överläkare) á Regionsjúkhuset í Umeå, augndeild, júní-júlí 1981. Sérfræðinám (Fellowship) í sjúkdómum á ytra borði augans (Cornea and External Disease) og í augnónæmisfræði við Harvard University, Massachusetts Eye and Ear Infirmary og Eye Research Institute of Retina Foundation (nú Schapen's Institute) í Boston í Massachusetts frá okt. 1981 til júní 1983. Sjálfstætt starfandi augnlæknir í Reykjavík frá júlí 1983 (stofurekstur). Jafnframt augnskurðlæknir við Handlæknastöðina í Glæsibæ 1984-86 og á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 1986-91. Sérfræðingur á augndeild Landakotsspítala (síðar Sjúkrahúsi Reykjavíkur) frá sept. 1991 til okt. 1996 og á augndeild Landspítalans frá nóv. 1996. – Önnur störf: Hefur í allmörg ár fengist töluvert við íþróttalækningar, m.a. alloft verið staðgengill íþróttalæknis Í.B.R. um lengri eða skemmri tíma. Trúnaðarlæknir Vinnuheimilisins að Reykjalundi frá 1983. Trúnaðarlæknir Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands frá 1986. Augnlæknir Skagfirðinga frá júní 1987 (mánaðarlegar augnlækningaferðir). – Kennslustörf: Stundakennari við Nýja hjúkrunaraskólann 1977-79, Hjúkrunaraskóla Íslands 1978-79, læknadeild Háskóla Íslands 1978-79 og læknadeild Björgvinjarháskóla 1979-80. Stundakennari í augnlæknisfræði (sjúkdómum á ytra borði augans) við Háskóla Íslands frá 1988. Skipaður lektor í líffærafræði við læknadeild Háskóla Íslands 1989-94.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Æskulýðsfélags Sauðárkróks 1960-61. Varaformaður (aðstoðarfélagssforingi) Skátafélags Sauðárkróks 1961-62. Ritari í stjórn Frjálsíþróttadeildar K.R. 1964-67. Scriba scholaris í M.R. 1964-65. Ritari í stjórn málfundafélagsins Framtíðarinnar í M.R. 1965-66. Formaður Stúdentafélags Háskóla Íslands 1968-69. Formaður Félags ungra lækna 1975-76. Formaður Nordisk Råd for Yngre Læger (NRYL) 1975. Formaður samstarfsnefndar Læknafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands um íþróttalæknisfræði og misnotkun lyfja í íþróttum 1977-78. Formaður heilbrigðisráðs Í.S.Í. 1979-80. Í öldungaráði Frjálsíþróttasambands Íslands 1983-86. Í kjarasamninganefnd Augnlæknafélags Íslands 1984-85. Ritari í stjórn Augnlæknafélags Íslands 1986-88, formaður 1989-90. Í stjórn (meðstjórnandi) Læknastöðvarinnar Landakotí 1986-87, formaður 1987-90. Annar fulltrúi Íslands í Nordisk Oftalmologisk

Komité (NOK) 1986-87. Formaður frjálsíþróttadeildar K.R. 1988-93. Í stórráði Læknafélags Reykjavíkur 1989-92. Formaður stjórnar Lækna-stöðvarinnar Landakoti hf. 1992-96. Í stjórn Ljóstæknafélags Íslands frá 1993. Aðalfulltrúi Augnlæknafélags Íslands í alþjóðasamtökum augnlækna frá 1995.

Ritstörf: Ocular Mucosal Immunity. International Symposium of Immunology and Immunopathology of the Eye (Chandler, J.W. (ed.)), Masson Publ. Co., 1985 (meðhöf.); Current Ocular Therapy 2. Fraunfelder et.al., W.B. Saunders, 1985 (meðhöf.); Immunological Aspects of the Lacrimal Gland and Tears, Rvík 1987 (doktorsritgerð). Um 30 greinar í innlendum og erlendum vísindatímaritum.

Viðurkenning: Veitt garpsmerki Frjálsíþróttasambands Íslands 1966 fyrir 10 Íslandsmeistaratitla fullorðinna. Bronsmerki F.R.Í. (þjónustumerki) 1990 og 25 ára gullmerki K.R. (með lárviðarsveig) 1994.

Maki: 18. júní 1967, Lára Margrét Ragnarsdóttir, f. 9. okt. 1947, stúdent frá M.R. 1967, cand. oecon. frá H.Í. 1977, próf frá Norges Handelshøyskole 1981, alþingismaður. Þau skildu 1996. For.: Ragnar Tómas Árnason, útvarpsþulur og verslunarmaður í Reykjavík, f. 13. mars 1917, d. 3. mars 1984, og k.h. Jónína Vigdís Kristjánsdóttir Schram, lækna-ritari, f. 14. júní 1923.

Börn þeirra: 1) Anna Kristín, f. 26. mars 1966, stjórn málafræðingur, við mastersnám í opinberri stjórnsýslu við University of Wisconsin í Madison í Bandaríkjunum. Maki: Sigurður Böðvarsson, f. 26. febr. 1964, læknir, við sérfræðinám. 2) Ingvi Steinar, f. 24. mars 1973, framkvæmdastjóri veitingahússins Kaffibrennslunnar í Reykjavík. 3) Atli Ragnar, f. 14. mars 1976, nemi í viðskipta- og stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, framkvæmdastjóri veitingadeildar Hótel Borgar.

Sambýliskona: 1997, Steinunn Aagot Kristjánsdóttir, f. 15. sept. 1962, stúdent frá M.S. 1982, starfsmaður í alþjóðadeild Seðlabanka Íslands. For.: Kristján Jónasson, fulltrúi hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, f. 9. maí 1937, og k.h. Rósa Þorsteinsdóttir, húsfreyja, f. 13. apríl 1939, d. 21. júlí 1971.

Skyldleiki/tengdir: Árni T. Ragnarsson og Kristján T. Ragnarsson (fv. mágar), Sigurður Böðvarsson (tengdasonur).